

Kennsluáætlun haustið 2019**Enska í 10. bekk**

Í ensku í 10. bekk eru fjórar kennslustundir á viku. Kennari er Navina M. Dueck-Stefánsson.

Vinnulag

Í haust munu nemendur læra um ýmis efni tengd því að vaxa úr grasi, eins og netnotkun, sambönd og heilsu. Nemendur munu flytja fyrirlestur um valið efni tengt því fyrir bekkinn. Einnig verður litið írska menningu. Nemendur munu búa til ferðaáætlun um Írlandsferð. Að lokum verður fjallað um ótta, hvað við óttumst og hvernig ótti virkar. Málfræðiæfingar, hlustunaræfingar, ritverkefni og umræður verða að í tengslum við öll viðfangsefni. Nemendur bera ábyrgð á að skrifa niður heimanám, jafnframt verður heimanám nemenda aðgengilegt á mentor.is.

Meginviðfangsefni haustannarinnar eru kaflar 1-3 í Spotlight 10 kennslubókinni.

Meginviðfangsefni vorannarinnar eru kaflar 4-7 í Spotlight 10 kennslubókinni.

Vinnuáætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
Lestur og bókmenntir Namsbók: Spotlight 10 Oxford Press bækur Netið	Spotlight 10 kennslubók Oxford Press bækur (graded readers for students of various levels) Netsíður em tengjast viðfangsefni fyrirlesturs nemendanna	Nemandi getur ... - lesið með skilningi ýmsa, almenna texta með nokkuð margþættum orðaforða - leitað að ákveðnum upplýsingum úr texta og gert sér grein fyrir niðurstöðum - lesið og sýnt fram á skilning á smásögum og styttri skáldsögu	- Svára spurningum í vinnubók úr texta lesbókar - Próf úr bók eða ritdómur um bókina (book review) - Rannsókn á efni námsbókar og fyrirlestur fluttur með glærusýningu

<p>Ritun Glærusýning Ritdómur Sögur Samtal</p>	<p>Leiðbeiningar frá kennara með nákvæmum upplýsingum um gerð glærusýningar Leiðbeiningar frá kennara um gerð ritdóms Tillögur á prófi um ritun á smásögu eða samræðum</p>	<p>Nemandi getur ... - skrifað samfelldan texta um efni sem hann hefur þekkingu á og beitt málfræði- og stafsetningarreglum ásamt fjölbreyttum orðaforða. - skrifað um það sem hann hefur hlustað á eða lesið, myndað sér skoðun</p>	<ul style="list-style-type: none"> - Glærusýning - Ritdómur um bók - Rita smásögu eða samræður á prófi
<p>Hlustun Kvikmynd Tónlist Hlustunaræfingar</p>	<p>10 Things I Hate About You (kvikmynd) She's Leaving Home, Famine (og fleiri lög úr vinnubók) Samræður af geisladiski námsbókar</p>	<p>Nemandi getur ... - skilið talað mál um margvísleg málefni og nýtt sér í verkefnavinnu. - fylgst með efni í myndmiðlum sér til gagns, sagt frá og unnið úr - valið ákveðnar upplýsingar úr texta sem hann hlustar á og unnið með þær. - greint aðalatriði úr kynningum og frásögnum og brugðist við efni þeirra.</p>	<ul style="list-style-type: none"> - Umræður um hvernig myndin passar við námsefni bókarinnar - Nemendur fara yfir efnistöð úr námsefni eins og það birtist í myndinni - Fyllt í eyðurnar á vinnublaði fyrir lög og samræður - Rætt um texta laganna
<p>Talað Fyrirlestur Umræður</p>	<p>Glærusýning sem nemendur búa til Umræðuspurningar sem kennari kemur með</p>	<p>Nemandi getur ... - tekið þátt í samræðum um málefni sem hann þekkir, beitt eðlilegu og réttu máli ásamt því að rökstyðja mál sitt vel. - flutt frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðlaust og af öryggi - sýnt fram á þekkingu á málsvæðum þar sem enskan er móðurmál og þekkir vel til mannlífs og menningar á viðkomandi svæði.</p>	<ul style="list-style-type: none"> - Nemendur flytja fyrirlestur á vandaðri ensku - Notast við umræðuspurningar í pörum og hópum

Bæði nemendur og foreldrar eru hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is, bæði skráningum um námsmat og um heimanám/viðfangsefni.

Námsmat

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir [Námsmat](#). Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok.

Með ósk um gott gengi,

Navina M. Dueck-Stefánsson